

Sótt af vef: [Bæjarstjórn - 506. fundur - 05.01.2023 | Ísafjarðarbær \(isafjordur.is\)](#)

Bæjarstjórn

506. fundur 05. janúar 2023 kl. 17:00 - 17:18 í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði
Nefndarmenn

- Gylfi Ólafsson aðalmaður
- Jóhann Birkir Helgason aðalmaður
- Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður
- Finney Rakel Árnadóttir varamaður
- Magnús Einar Magnússon aðalmaður
- Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður
- Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður
- Sigríður Júlía Brynleifsdóttir aðalmaður
- Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri

Starfsmenn

- Hjördís Þráinsdóttir skjalastjóri

Fundargerð ritaði: Hjördís Þráinsdóttir skjalastjóri

Dagskrá

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti, leggur fram tillögu um að taka eitt mál á dagskrá með afbrigðum. Um er að ræða 599. fundargerð skipulags- og mannvirkjanefndar frá 22. desember 2022.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

1. Byggðakvóti fiskveiðiaríð 2022-2023 - 2022120086

Tillaga bæjarstjóra um að sérreglur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarínu 2022-2023 verði uppfærðar frá fyrra ári.

á 1224. fundi bæjarráðs 19. desember 2022 fól bæjarráð bæjarstjóra að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og hagsmunaaðila varðandi tillögur um sérreglur byggðakvóta. Umsagnarfrestur var til og með 2. janúar 2023, 7 umsagnir bárust.

Til máls tóku: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri, leggur fram eftirfarandi tillögu að uppfærðum sérreglum um byggðakvóta:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill þakka þeim sem sendu inn tillögur og athugasemdir að sérreglum um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiaríð 2022/2023 í Ísafjarðarbæ. Við vinnslu tillögunnar var horft til markmiða laganna um að efla útgerð og vinnslu í hverju byggðarlagi. Undanfarin ár hefur myndast þokkaleg sátt um sérreglur Ísafjarðarbæjar og byggir eftirfarandi tillaga á þeim reglum að því undaskildu að fallið er frá heimild til að landa innan sveitarfélags og gerð er krafa um að landað sé innan byggðarlags:

1. Gerð er tillaga um að ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verði: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

Sjá undirstrikun í fylgiskjali, lagðar til þær breytingar að frístundaveiðileyfi verði jafnframt heimilt sem eitt skilyrðanna.

Jafnframt: Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2022.

2. Gerð er tillaga um að ákvæði 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiarinu 2021/2022, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu úr bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

3. Gerð er tillaga um að ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflinn sé unnin innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.“

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Fylgiskjöl:

- [Ísafjarðarbær. Eyðublað vegna sérreglna um úthlutun byggðakvóta 2021.2022.pdf](#)
- [Leiðbeiningar um sérreglur byggðakvóta 12122022.docx](#)
- [Tillögur um sérreglur byggðakvóta HF 12122022.docx](#)
- [Breytingatillaga. bæjarstjórn 506.doc](#)

2.Íbúðarbyggð á landfyllingu norðan Eyrar -Aðalskipulagsbreyting - 2020110080

Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn heimili auglýsingu skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Auglýsingarferlið, þar sem tekið yrði á móti athugasemdum, stendur yfir í rúmar 6 vikur. Að því loknu verður farið yfir athugasemdir sem berast innan athugasemdafrests og fjallað um þær efnislega.

Til máls tóku: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti, Magnús Einar Magnússon, Gylfi Ólafsson og Kristján Þór Kristjánsson.

Magnús Einar Magnússon tekur við stjórn fundarins kl. 17:06 á meðan Sigríður Júlía Brynleifsdóttir tekur til máls.

Sigríður tekur aftur við stjórn fundarins kl. 17:09.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Fylgiskjöl:

- [Askbr-landfylling-Eyri-auglýst \(ID 239567\) \(ID 316272\).pdf](#)
- [16165-009-ASK brey-landfylling-UPPDR \(ID 275845\).pdf](#)

3.Deiliskipulag á Suðurtanga - 2021120014

Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn heimili endurskoðun á deiliskipulagi á Suðurtanga, íbúðar og þjónustusvæði sem

506. fundur 05. janúar 2023 kl. 17:00 - 17:18 í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði

samþykkt var 5. nóvember 2015. Jafnframt leggur nefndin til að íbúðarbyggð verði látin víkja fyrir léttum iðnaði og safnasvæði og útivist verði gefið meira rými í skipulaginu.

Til máls tók: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Fylgiskjöl:

- [Suðurtangi 6, umsókn um lóðarleigusamning](#)
- [Lóðagrunnur Ísafjarðarbær-Suðurtangi 6.pdf](#)
- [Lóðamál á Suðurtanga.pdf](#)

4.Bakkavegur 19-21, stofnun lóðar - 2022120047

Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn samþykki breytingu á lóðarmörkum undir Bakkaveg 19 í Hnífsdal.

Til máls tóku: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti, og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Fylgiskjöl:

- [Lóðagrunnur Ísafjarðarbær-Bakkavegur 19.pdf](#)

5.Grundarstígur 15 á Flateyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamning fyrir L141129 - 2022120082

Tillaga frá 599. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 22. desember 2022, um að bæjarstjórn heimili endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Grundarstíg 15 á Flateyri.

Til máls tók: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Fylgiskjöl:

- [Grundarstígur 15.jpg](#)

6.Skipulags- og mannvirkjanefnd - 599 - 2212020F

Lögð fram til kynningar fundargerð 599. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 22. desember 2022.

Fundargerðin er í 14 liðum.

Til máls tóku: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti, og Kristján Þór Kristjánsson.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

- [Skipulags- og mannvirkjanefnd - 599.pdf](#)

Fundi slitið - kl. 17:18.